

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/473****2025/EES/33/19****frá 18. desember 2020**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar um upplýsingaskjöl, um kostnaðinn og gjöldin sem falla innan kostnaðarmarka og um áhættuvörn fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (¹) og einkum 28. gr. (fjórðu undirgrein 5. mgr.), 30. gr. (þriðju undirgrein 2. mgr.), 33. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.), 36. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.), 37. gr. (þriðju undirgrein 2. mgr.), 45. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.) og 46. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2019/1238 er mælt fyrir um samræmdar reglur um skráningu, framleiðslu, dreifingu og eftirlit með séreignarsparnaðarafurðum sem dreift er í Sambandinu undir merkingunni „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ (PEPP).
- 2) Upplýsingaskjölín um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eru mikilvægir þættir regluverksins um samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir. Þessi skjöl gera mögulegt að veita neytendum viðeigandi upplýsingar sem auðveldar þeim skilning og samanburð á samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum og ólíkum fjárfestingakostum.
- 3) Til að ná fram samanburðarhæfi samevrópskra séreignarsparnaðarafurða og pakkaðra váttryggingatengdra fjárfestingar afurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIP), ætti að aðlagða upplýsingakröfurnar, eftir því sem við á og skiptir máli, að framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 (²) að því er varðar lykilupplýsingaskjalið fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta. Á nokkrum sviðum er nauðsynlegt að sérsníða kröfurnar að langtíma lífeyrissparnaðarafurð, sem hægt er að halda yfir allan starfs- og lífsferil einstaklingsins, með sérstakri áherslu á sértæka lífeyrisáhættu, s.s. verðbólgu og áhættu vegna samfellu í iðgjöldum.
- 4) Í ljósi þess að dreifing á Netinu er mikilvægur þáttur hvað varðar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir skiptir miklu máli að neytendur geti auðveldlega nálgast, skilið og notað upplýsingarnar sem settar eru fram í stafrænu umhverfi. Þess vegna ætti að þróa upplýsingaskjalið enn frekar til að upplýsingarnar séu settar fram á skilvirkan og gagnsæjan hátt þegar þær eru veittar með notkun stafræns umhverfis eins og á vefsíðu, í smáforriti fyrir snjalltæki, með hljóð- eða myndupptöku. Sú hönnun ætti að auðvelda að upplýsingar séu veittar með stafrænum hætti á þægilegan og skiljanlegan hátt. Þrepaskipting upplýsinga ætti að tryggja nægjanlegan sveigjanleika við að aðlagða framsetninguna að mismunandi gerðum stafrænna miðla og að þróuninni í stafrænu umhverfi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 99, 22.3.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 27.

(¹) Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 frá 8. mars 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) með því að mæla fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun lykilupplýsingaskjala og skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfur um að láta slík skjöl í té (Stjtið. ESB L 100, 12.4.2017, bls. 1).

- 5) Til að veita neytendum lykilupplýsingar um samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina sem auðvelt er að lesa og skilja, og til að gera samanburð á milli samevrópskra séreignarsparnaðarafurða mögulegan, er nauðsynlegt að vera með hátt stig stöðlunar. Þess vegna er nauðsynlegt að koma á lögboðnum sniðmátum fyrir upplýsingaskjölin. Til að auðvelda neytendum skilning á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni sem langtíma sparnaðarafurð vegna starfsloka, ættu kröfurnar um upplýsingar að vera sérsniðnar að lífeyrismarkmiðun samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og veita mögulegum réttihöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar upplýsingar sem eru gagnlegar til að taka ákvörðun, á þægilegan og skýran hátt fyrir og á sama tíma gera framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar mögulegt að nota stafræna dreifingarmiðla fyrir upplýsingarnar.
- 6) Flokkunin á áhættu- og ávöxtunarsniðum og „samantekna áhættuvísunum“ fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina ætti að fylgja tilgreindu sértæku lífeyrisáhættunni og markmiðinu að ná viðunandi og stöðugum eftirlaunum. Hönnunin á samantekna áhættuvísunum ætti að miða við samræmda og samanburðarhæfa flokkun á áhættu og viðbótarupplýsingar að fylgja sem leiddar eru fram með samræmdum hætti til að aðgreina „yfirburða“ fjárfestingaráætlanir og áhættuvarnir frá þeim sem eru „síðri“, til að veita neytendum viðeigandi upplýsingar um hvort áhættusamari fjárfestingarkostur gefi í raun möguleika á hlutfallslega hærri arðsemi.
- 7) Spár um framtíðareftirlaun eru mikilvægar fyrir skilning neytenda á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni og hentugleika hennar fyrir eftirlaunamarkmið einstaklingsins. Í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ætti þess vegna að sýna, eftir leiðréttingu fyrir verðbólgu, niðurstöðurnar varðandi lífeyri almennra réttihafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar með skilgreindum söfnunartímabilum og stöðluðum iðgjöldum.
- 8) Hanna ætti lykilvísa fyrir áhættu og kostnað til að beita á mismunandi mögulega fjárfestingarkosti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á samfelldan og samræmdan hátt. Með birtingu upplýsinganna um kostnað ætti að leggja áherslu á raunverulegar fjárhæðir og tryggja samanburðarhæfi við hámarksstígg kostnaðar og gjalda fyrir samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina.
- 9) Sniðmát er nauðsynlegt fyrir lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Sniðmátið ætti að vera auðskilið og leggja áherslu á upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir neytendur þegar þeir taka ákvörðun um sparnað í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og draga úr sérhverri mögulegri hegðunarskekkju.
- 10) Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 eiga framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að tryggja að lykilupplýsingaskjöl um samevrópska séreignarsparnaðarafurð séu á öllum tímum nákvæm, sanngjörn og skýr og ekki villandi, þannig að væntanlegur réttihafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti treyst á þær stöðluðu upplýsingar sem skjalið inniheldur þegar hann tekur ákvörðun um langtímasparnað vegna eftirlauna. Þess vegna ætti að mæla fyrir um reglur til að tryggja reglulega og viðeigandi yfirferð á lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og, ef nauðsyn krefur, tímanlega endurskoðun þess.
- 11) Það er áskorun að taka ákvörðun um langtímasparnað vegna eftirlauna, þar sem ekki er hægt að vita með vissu hverjar framtíðarþarfir vegna eftirlauna munu verða og einstaklingsbundnar aðstæður og starfsframi getur breyst. Þess vegna ættu réttihafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, jafnvel þótt lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sé hannað til að veita gagnlegar upplýsingar fyrir ákvarðanatöku um sparnað í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð á yfirgripsmikinn og áreiðanlegan hátt, að hafa nægjanlegan tíma – að teknu tilliti til þarfa þeirra, reynslu og þekkingar – til að átta sig á og ígrunda upplýsingar sem skipta máli áður en þeir taka ákvörðun um að spara í tiltekinni samevrópskri séreignarsparnaðarafurð.
- 12) Lífeyrisyfirlit samevrópskar séreignarsparnaðarafurðar ætti að vera sett fram með þeim hætti að réttihöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sé kleift að rekja auðveldlega og vakta þróunina á eigin sparnaði í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Á meðan lífeyrisyfirlit samevrópskar séreignarsparnaðarafurðar er að eðli til einstaklingsbundið ætti það að vera í samræmi við upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður og gera mögulegan stöðugan samanburð á milli samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, til að réttihafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti tekið upplýsta ákvörðun um breytingu á fjárfestingarkosti, skipti á framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða aðlögun á fjárhæð iðgjalda til að ná eftirlaunamarkmiði réttihafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
- 13) Til að tryggja kostnaðarhagkvæmni samevrópsku grunnséreignarlífeyrisafurðarinnar er nauðsynlegt að allur kostnaður og gjöld séu tekin með innan kostnaðarmarksins, nema þegar nauðsynlegt er að tryggja að samevrópskar grunnséreignarsparnaðarafurðir með afurðareinkenni til viðbótar sem veita fjárhagslega tryggingu séu ekki óhagstæðar í samanburði við samevrópskar grunnséreignarsparnaðarafurðir sem ekki bjóða þau afurðareinkenni, til að tryggja jöfn samkeppnis-skilyrði.

- 14) Áhættuvarnir fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina eru nauðsynlegar til að efla viðeigandi fjárfestingaráætlanir sem náð geta betri niðurstöðu um lífeyri. Í þessum tilgangi er þörf fyrir skýrar og framfylgjanlegar viðmiðanir til að mögulegt sé að meta skilvirkni valinnar áhættuvarnar með samræmdum hætti. Þessar viðmiðanir ættu þess vegna að gilda um þrjár megintegundir áhættuvarna, þ.e.a.s. lífsferil, stofnun varasjóða og tryggingar, og taka tillit til sérkenna þessara tegunda. Þessar viðmiðanir ættu einnig að gilda um nýbreytni í áhættuvörn til að ýta undir betri niðurstöður varðandi lífeyri fyrir tilstilli nýsköpunar.
- 15) Langtímaeðli og eftirlaunamarkmið samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar kallar á slembilíkan sem verkfæri til að setja fram líkindin fyrir mismunandi niðurstöðum við ólík skilyrði, í þeim tilgangi að spá fyrir um réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð í framtíðinni með sanngjörnum hætti. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að slembilíkan sé notað þegar áhættusniðið og mögulegur árangur af fjárfestingaráætluninni sem framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar bjóða eru metin, með því að endurgera röð mögulegra niðurstaðna um réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð sem gætu raunverulega orðið að veruleika vegna óvissu um ávöxtun af eignum og fjárhæð iðgjalda. Einnig ætti að nota slembilíkan þegar ákvarðað er um viðeigandi væntingarstig með tilliti til áhættu, þegar árangurssviðsmyndir eru útfærðar fyrir lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og spár um lífeyri fyrir lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, sem og við skilvirka innleiðingu aðferða-fræðinnar fyrir samantekna áhættuvísinn. Í þessum tilgangi þykir rétt að koma á tilteknum tilvísunum fyrir slembilíkanið sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar á að nota. Framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar ætti að vera frjálst að aðlaga slembilíkanið til að ná tilskildu markmiði og samþætta líkónin sem framleiðendur samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hafa útfært fyrir aðrar svipaðar afurðir.
- 16) Ákvæðin í þessari reglugerð tengjast náið. Þau eiga við um kröfur sem varða upplýsingaskjalið, kostnað og gjöld fyrir samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina, sem og um áhættuvarnir. Vegna verulegra innri tengsla á milli ákvæða þessarar reglugerðar og til að styrkja samkvæmni á milli ólíkra reglugerðasviða sem falla undir þessa reglugerð, þykir rétt að tilgreina nánar reglurnar á þessum sviðum með yfirgrípsmiklum og heildstæðum hætti. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja hátt samkvæmnistig á milli reglnanna um afurðaeinkenni af miklum gæðum og reglna um skilvirk samskipti við neytendur um þessi einkenni. Reglurnar fyrir sérstök afurðaeinkenni samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eru nauðsynlegar til að ná heildstæðu mati á jafnvæginu á milli áhættu og arðsemi fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, samtímis því að tryggja betri niðurstöðu um lífeyri fyrir tilstilli nýsköpunar og kostnaðarhagkvæmni með stafrænni vinnslu. Mikilvægt er að eiga samskipti við neytendur um þessar nýstárlegu aðferðir með samræmdum og samanburðarhæfum hætti. Til að tryggja samkvæmni á milli ákvæðanna ættu þau að vera felld inn í eina reglugerð.
- 17) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 18) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum og hagsmunahóps um starfstengdan lífeyri, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽³⁾.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmda-stjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

UPPLÝSINGASKJÖL Á RAFRÆNU FORMI

1. gr.

Framsetning upplýsingaskjala í netumhverfi

Ef innihald lykilupplýsingaskjals um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (PEPP KID) eða lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar er sett fram á öðrum varanlegum miðli en pappír skal framsetningin uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) að laga skal framsetningu upplýsinganna að tækjabúnaði rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem notaður er fyrir aðgang að lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eða lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
- b) ef stærð efnispáttanna í framsetningunni er breytt skal útlitið, fyrirsagnirnar og uppröðunin í staðlaða framsetningarforminu sem og sýnileiki og stærð hinna mismunandi þátta miðað við hvorn annan halda sér,
- c) leturgerð og -stærð skal vera með þeim hætti að upplýsingarnar séu áberandi, skiljanlegar og settar fram á skýru og læsilegu sniði,
- d) ef notaðar eru hljóð- eða myndbandsupptökur, skal nota málhraða og hljóðstyrk sem við venjulega hlustun skilar upplýsingunum skilmerkilega, skiljanlega og þannig að þær heyrist greinilega,
- e) upplýsingarnar sem settar eru fram skulu vera þær sömu og upplýsingarnar sem veittar eru í pappírsútgáfu lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eða lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eftir því sem við á.

2. gr.

Þrepaskipting upplýsinga

Þrepaskipting upplýsinga í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eða lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, í samræmi við 28. gr. (3. mgr.), 35. gr. (1. og 2. mgr.), 36. gr. (1. mgr.) og 37. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2019/1238, eftir því sem við á, skal hönnuð þannig að hún dragi ekki athygli neytandans frá innihaldi skjalsins eða skyggi á einhverjar lykilupplýsingar. Ef um er að ræða þrepaskiptingu upplýsinganna skal vera mögulegt að prenta út lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem eitt skjal.

II. KAFLI

INNIHALD OG FRAMSETNING LYKILUPPLÝSINGASKJALS UM SAMEVRÓPSKA SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐ

3. gr.

Liður með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“

1. Taka skal saman upplýsingar sem á gagnorðan, skýran og auðskilin hátt setja fram eftirlaunamarkmið samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar til langs tíma og leiðirnar til að ná þeim markmiðum, í lið með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjali um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Í þessum upplýsingum skal auðkenna meginþættina sem arðsemi fjárfestinga og niðurstaðan um lífeyri byggist á, undirliggjandi fjárfestingareignir eða viðmiðunargildi og hvernig ávöxtunin er ákvörðuð, svo og áhrifin af fjárhæðum iðgjalda og væntu sparnaðartímabili fram að starfslokum. Meginreglur áhættuvarnanna sem beitt er, einkum ráðstöfun hagnaðar innan eignasafns á einstaka samninga um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skulu útskýrðar. Einnig skal vísa til tegundar framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og sérkenna samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

2. Lýsingin á tegund réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem ætlunin er að markaðssetja samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina til, í liðnum með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skal innihalda upplýsingar um markhóp réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur skilgreint. Ákvörðunin um tegund réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem ætlunin er að markaðssetja samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina til skal byggjast á getu réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til að þola tap af fjárfestingum og tímabilinu sem þeir vilja fjárfesta, fræðilegri þekkingu þeirra á, og fyrri reynslu af samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum og fjármálamörkuðunum almennt, sem og þörfum, einkennum og markmiðum hugsanlegra réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

3. Upplýsingarnar um eftirlaun úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, í liðnum með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skal innihalda almenna samantekt á lykileinkennum samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Þær upplýsingar skulu einkum innihalda eftirfarandi:

- a) möguleg form útgreiðslna eins og um getur í 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 og réttinn til að breyta formi útgreiðslna eins og um getur í 1. mgr. 59. gr. þeirrar reglugerðar,
- b) tilgreiningu á þeim eftirlaunaréttindum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð sem tekin eru með, ásamt skýringu þar sem tilgreint er að virði þessa réttinda komi fram í liðnum með fyrirsögninni „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“

4. Ef samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð nær yfir áhættu er tengist ævilíkum manna skulu fylgja upplýsingar í liðnum með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, um þau atriði sem hún nær til, þ.m.t. skrá yfir áhættur sem falla innan hans og aðstæðurnar sem virkja tryggingaverndina og tryggingabæturnar. Iðgjaldið vegna áhættu er tengist ævilíkum manna, eins og lýst er í 54. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/653, skal gefið upp í hundradshlutum af árlegum iðgjöldum eða á formi áhrifanna af iðgjaldinu vegna áhættunnar er tengist ævilíkum manna á arðseminum af fjárfestingum við lok söfnunartímabilsins, byggt á almennum eignartímabilum sem notuð eru fyrir áætluð réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Ef iðgjaldið er greitt í formi eingreiðslu, skal fjárhæðin sem fjárfest er fyrir koma fram í upplýsingunum. Ef iðgjaldið er greitt með reglubundnum hætti, skal fjöldi reglubundinna greiðslna og áætlað meðaliðgjald vegna áhættu er tengist ævilíkum manna sem hlutfall af árlegum iðgjöldum koma fram í upplýsingunum.

5. Liðurinn með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda eftirfarandi upplýsingar um þjónustu við flutning:

- a) upplýsingar um að réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hafi, óski hann þess, rétt til að nota þjónustu við flutning sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
- b) upplýsingar um hvaða undirreikningar eru nú þegar tiltækir,
- c) tilvísun í miðlæga opinbera skrá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, sem inniheldur upplýsingar um skilyrðin fyrir söfnunar- og útgreiðslutímabilin fyrir landsbundnu undirreikningana sem ákvörðuð eru af aðildarríkjunum,
- d) upplýsingar um valið sem kveðið er á um í 5. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur ekki tryggt opnun nýs undirreiknings sem samsvarar búsetuaðildarríki réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

6. Liðurinn með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda upplýsingar um veitingu þjónustu við skipti, einkum upplýsingar um möguleikana á skiptum sem kveðið er á um í 3. mgr. 52. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238. Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, í samræmi við þá grein, heimilar réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að skipta oftar um framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, skal í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð tekið fram hversu oft. Í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal tilgreint hvort skiptin séu án endurgjalds. Ef þau eru ekki án endurgjalds skal birta tengdan kostnað í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

Upplýsingarnar um veitingu þjónustu við skipti skulu einnig ná yfir atriði er varða réttinn til að fá viðbótarupplýsingar um þjónustu við skipti eins og um getur í 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238. Þessar upplýsingar skal gera aðgengilegar á vefsetri framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og að ósk réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, í samræmi við 24. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.

7. Liðurinn með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda upplýsingar um skilyrðin fyrir breytingu á valda fjárfestingarkostinum. Einkum, ef við á, upplýsingar um aðra fjárfestingarkosti sem í boði eru og réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur skipt yfir í, í samræmi við 44. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238. Ef framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar heimilar réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að breyta völdum fjárfestingarkosti oftast en lágmarkskrafan segir til um skal tilgreina hversu oft breyting er möguleg og taka fram að þessi breyting sé án endurgjalds eða gefa upp tengdan kostnað.

8. Upplýsingarnar sem tengjast árangri af fjárfestingum framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar með tilliti til umhverfis-, félags- og stjórnmunarþátta, í liðnum með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skulu innihalda textaskýringar og megindlegar upplýsingar, ef tiltækar, um hvernig samþætting umhverfis-, félags- og stjórnmunarþátta hefur áhrif á raunverulegan og áætlaðan árangur af fjárfestingum framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

9. Liðurinn með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda upplýsingar, eftir atvikum, um hvort um sé að ræða umþóttunartíma eða uppsagnartímabil fyrir réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, og afleiðingar þess, þ.m.t. gjöld og viðurlög sem eiga við fyrir að nota umþóttunartímamann eða uppsagnartímabilið.

10. Upplýsingarnar í liðnum með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu innihalda tilvísun til upplýsinga um fyrri árangur af fjárfestingarkostum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, sem ráðstafað var til réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Upplýsingar um fyrri árangur skulu gerðar aðgengilegar á vefsetri framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

11. Ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi með þrepaskiptingu upplýsinga, skal fyrsta þrepið innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr.,
- b) upplýsingar um hvort samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð nái yfir áhættu er tengist ævilíkum manna,
- c) upplýsingar um annað hvort af eftirfarandi:
 - i. hvort samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurðin veiti tryggingu á fjármagnið eða sé á formi áhættuvagnar í samræmi við markmiðið um að réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti fengið fjármagnið til baka,
 - ii. hvort og að hve miklu marki einhver annar fjárfestingarkostur, ef við á, veiti tryggingu eða áhættuvörn.

Aðrar nánari upplýsingar er hægt að veita með viðbótarþrepum.

4. gr.

Liður með fyrirsögninni „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“

1. Upplýsingarnar um áhættu- og ávöxtunarsnið samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. textaskýringarnar á samanteknum áhættuvísi í liðnum með fyrirsögninni „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skulu veittar á gagnorðan, skýran og auðskilin hátt. Í upplýsingunum skal útskýra markmiðið og niðurstöðurnar um samantekna áhættuvísinn og tilgreina, á staðlaðan og samanburðarhæfan hátt, mismunandi áhættu- og ávöxtunarsnið og að samantekni áhættuvísirinn skuli notaður sem viðmiðunarpunktur þegar borin eru saman mismunandi áhættu- og ávöxtunarsnið samevrópskra séreignarsparnaðarafurða. Framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal taka skýrt fram að samantekni áhættuvísirinn fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð sé ólíkur og ekki samanburðarhæfur samantekna áhættuvísinum fyrir afurðir sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 (4).

Í upplýsingunum skal útskýra að lágt áhættu- og ávöxtunarsnið gefi til kynna að réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sé líklegri til að fá hófleg eftirlaun, á meðan hátt áhættu- og ávöxtunarsnið gefi til kynna að réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sé líklegri til að fá hlutfallslega hærri eða lægri eftirlaun en við lægra áhættu- og ávöxtunarsnið. Í textaskýringum skal tilgreina takmarkanirnar á samantekna áhættuvísinum, þ.m.t. ef við á, að áhættu- og ávöxtunarsnið er háð raunverulegri þróun fjárfestinganna, sparnaðartímabilinu og skilvirkni áhættuvagnarinnar sem beitt er.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (Stjtið. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

2. Tilskildum upplýsingum skv. ii. lið d-liðar 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 um mesta mögulega tap af fjárfestu fjármagni, í liðnum með fyrirsögninni „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skulu fylgja upplýsingar um staðlað, slembiákvæð, uppsafnað fjármagn við útgreiðslu við álagssviðsmynd, sem samsvarar fimmta hundraðshlutamarki af dreifingunni.

3. Í liðnum með fyrirsögninni „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu upplýsingar um staðlaðar árangurssviðsmyndir við hagstæðar aðstæður, aðstæður besta mats og óhagstæðar aðstæður lagðar fram í tengslum við spár um eftirlaun úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð á grundvelli eftirfarandi þátta:

- a) spánnar skulu settar fram fyrir fjóra almenna rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar með 40, 30, 20 og 10 ár fram að lokum söfnunartímabilsins og byggjast á stöðluðum iðgjöldum,
- b) hagstæða sviðsmyndin skal vísa til 85. hundraðshlutamarks af dreifingunni, sviðsmynd besta mats til miðgildisins og óhagstæða sviðsmyndin til 15. hundraðshlutamarks af dreifingunni,
- c) áætlaða uppsafnaða fjármagnið við lok söfnunartímabilsins og áætluðu mánaðarlegu eftirlaunin skulu leiðrétt fyrir verðbólguáhrifum,
- d) upplýsingarnar skulu innihalda textaskýringu, þ.m.t. nafnverð, á umreikningnum yfir á virði dagsins í dag vegna breytinga á kaupmætti til lengri tíma.

4. Í upplýsingunum um skilyrðin fyrir að ávöxtun renni til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða innbyggðu árangursþaki, í liðnum með fyrirsögninni „Hvers konar afurð er þetta?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skal, eftir atvikum, vera tilvísun til hönnunar og úthlutunarfyrirkomulags áhættuvarnanna sem beitt er.

5. Aðföngin, forsendurnar og aðferðafræðin fyrir upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skulu vera í samræmi við III. viðauka.

6. Ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi með þrepaskiptingu upplýsinga skal fyrsta þrepið innihalda a.m.k. samantekna áhættuvísinn og spár um eftirlaun úr samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni fyrir fjóra almenna rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þar sem nánari upplýsingar um nafnvirði áætluðu eftirlaunanna er hægt að veita í viðbótarupplýsingum. Aðrar nánari upplýsingar er hægt að veita með viðbótarþrepum.

5. gr.

Liður með fyrirsögninni „Hver er kostnaðurinn?“

1. Upplýsingarnar í liðnum með fyrirsögninni „Hver er kostnaðurinn?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu veittar á gagnorðan, skýran og auðskilin hátt. Sérhver kostnaður og gjöld sem tilgreind eru í liðnum „Hver er kostnaðurinn?“ skal vísa til raunverulegs kostnaðar sem stofnað er til beint á stigi framleiðandans eða á stigi útvistaðrar starfsemi eða fjárfestingarsjóðs, þ.m.t. allur tengdur fastakostnaður. Ef við á, skal birta sérstaklega kostnað og gjöld sem lögð eru á væntanlegan rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, áður en sparnaður hefst í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni, sem „upphafskostnað“. Kostnaður og gjöld, bæði einskiptisgreiðslur og endurteknar greiðslur, skulu settar fram sem „heildarkostnaður á ári“ í peningum og sem hlutfall af uppsöfnuðu fjármagni, eins og skilgreint er í 24. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238. Samsett áhrif kostnaðarins skulu sett fram í peningum og byggjast á stöðluðum mánaðarlegum iðgjöldum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eins og tilgreint er í III. hluta í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Liðurinn með fyrirsögninni „Hver er kostnaðurinn?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar um umsýslukostnað sem kemur til af starfsemi framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar við umsýslu samevrópskra séreignarsparnaðarreikninga, innheimtu iðgjalda, upplýsingaþjónustu til aðila og framkvæmd greiðslna,
- b) upplýsingar um eftirfarandi fjárfestingarkostnað:
 - i. kostnað við vörslu eigna, þ.m.t. gjöld greidd til vörsluáðilans fyrir að tryggja öryggi eigna og innheimta arð og vexti,
 - ii. viðskiptakostnað vegna eignasafns, þ.m.t. útgreiðslur framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar til þriðju aðila til að mæta kostnaði í tengslum við kaup eða sölu eigna á samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum,
 - iii. annan kostnað sem varðar stýringu fjárfestingarinnar,

- c) upplýsingar um dreifingarkostnað sem stafar af markaðssetningu og sölu samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, þ.m.t. kostnað og gjöld sem tengjast veitingu ráðgjafar,
- d) upplýsingar um kostnað vegna trygginga sem lagður er á rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fyrir fjárhagslegri tryggingu um endurgreiðslu á a.m.k. uppsafnaða fjármagninu við útgreiðslu og um sérhverja aðra fjárhagslega tryggingu sem veitt er samkvæmt samningnum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

3. Ef framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar leggur á gjöld til að fá til baka kostnað sem stofnaðist til vegna upphaflegrar ráðgjafar á fyrsta tímabili samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, áður en rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur rétt til að skipta um framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skv. 3. mgr. 52. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, skal framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar upplýsa væntanlega rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um heildarfjárhæð þessara gjalda, tímabilið sem, og hversu oft, slík gjöld gilda.

4. Ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi með þrepaskiptingu upplýsinga, skal fyrsta þrepið innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingarnar um heildarkostnað á ári í peningum og sem hlutfall af uppsöfnuðu fjármagni við lok ársins, eins og tilgreint er í 1. mgr.,
- b) ef við á, upplýsingar um sérhvern upphaflegan kostnað.

Aðrar nánari upplýsingar er hægt að veita með viðbótarþrepum.

6. gr.

Staðlað útlit á lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu leggja fram lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð í samræmi við I. viðauka. Ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi má eingöngu aðlaga framsetningu sniðmátsins sem sett er fram í þeim viðauka í því skyni að nota þrepaskiptingu upplýsinga.

III. KAFLI

YFIRFERÐ, ENDURSKOÐUN OG VEITING LYKILUPPLÝSINGASKJALSINS UM SAMEVRÓPSKA SÉREIGNAUFURÐ

7. gr.

Yfirferð á lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu fara yfir upplýsingarnar í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð í samræmi við 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, í hvert skipti sem gerðar eru breytingar sem hafa veruleg áhrif eða eru líklegar til að hafa veruleg áhrif á upplýsingarnar sem er að finna í því og a.m.k. á 12 mánaða fresti frá og með upphaflegum útgáfudegi lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

2. Við yfirferðina sem um getur í 1. mgr. skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sannreyna hvort upplýsingarnar í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð séu réttar, sanngjarnar, skýrar og ekki villandi. Einkum skulu þeir ganga úr skugga um að farið sé að eftirfarandi viðmiðunum:

- a) hvort upplýsingarnar í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð hlíti kröfunum um almennt snið og innihald skv. 26., 27. og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238 og sérstöku kröfunum um snið og innihald sem mælt er fyrir um í 6. gr. þessarar reglugerðar,
- b) hvort áhætta og arðsemi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hafi breyst, þegar slík breyting hefur þau áhrif að nauðsynlegt er að flytja samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina í annan flokk samantekna áhættuvísisins en þann sem úthlutað var í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, með fyrirvara um endurskoðun.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar koma á og viðhalda fullnægjandi ferlum á líftíma samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem gera rétt höfum kleift að auðkenna, hvenær sem er og án ótilhlýðilegrar tafar, sérhverjar aðstæður sem gætu leitt til breytingar sem áhrif hefur á eða er líkleg til að hafa áhrif á réttlæika, sanngirni og skýrleika upplýsinganna í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

8. gr.

Endurskoðun á lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu tafarlaust endurbæta lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ef yfirferð skv. 7. gr. leiðir í ljós að breytinga sé þörf á lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu tryggja að allir liðir lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem þessar breytingar hafa áhrif á séu uppfærðir.
2. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal birta endurskoðaða lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð á vefsetri sínu og tafarlaust upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í samræmi við 3. mgr. 7. gr.

9. gr.

Veiting lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Aðilinn sem veitir ráðgjöf um eða selur samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal afhenda lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð með góðum fyrirvara til að gefa væntanlegum eða núverandi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar nægan tíma til að ígrunda skjalið áður en hann verður bundinn af samningi eða tilboði sem varðar þá samevrópsku séreignarsparnaðarafurð, án tillits til þess hvort sá væntanlegi eða núverandi rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fái umþóttunartíma (e. *cooling off period*) eða ekki.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur samevrópska séreignarsparnaðarafurð meta hversu mikinn tíma sérhver væntanlegur eða núverandi rétthafi í samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar þarf til að ígrunda lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, að teknu tilliti til eftirfarandi viðmiðana:
 - a) þekkingar og reynslu væntanlegs eða núverandi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar af samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni eða af samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum af svipuðum toga eða af áhættu sem er svipuð þeirri sem stafar af samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni,
 - b) flækjustigs, langtímaeðlis og takmarkaðs innleysanleika samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,
 - c) ef ráðgjöfin eða salan er að frumkvæði væntanlegs eða núverandi rétthafa í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, að hinn væntanlegi eða núverandi rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hafi tekið það skýrt fram að áriðandi sé að ljúka gerð fyrirhugaðs samnings eða tilboðs.
3. Að því er varðar 1. mgr., ef lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er veitt á netinu skal það hlíta eftirfarandi skilyrðum:
 - a) það skal vera staðsett á svæði vefsetursins eða í smáforriti fyrir snjalltæki þar sem auðvelt er finna það og fá aðgang að því,
 - b) það skal veitt á því stigi kaupferilsins þegar væntanlegur eða núverandi rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur nægan tíma til að ígrunda skjalið áður en hann verður bundinn af samningi eða tilboði um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem varðar þann samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

IV. KAFLI

FRAMSETNING OG ÚTLIT LÍFEYRISYFIRLITS SAMEVRÓPSKRAR SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐAR

10. gr.

Framsetning lífeyrisyfirlits samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

1. Upplýsingarnar í lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu veittar á gagnorðan, skýran og auðskilinn hátt. Upplýsingarnar skulu settar fram í eftirfarandi röð, fyrir hvern undirreikning:
 - a) upplýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
 - b) í liðnum með fyrirsögninni „Heiti afurðar“, upplýsingar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (EB) 2019/1238,
 - c) í liðnum með fyrirsögninni „Hve mikið hef ég sparað í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni minni?“, eftirfarandi upplýsingar:
 - i. upplýsingar sem um getur í i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
 - ii. upplýsingar um heildarfjárhæðina á samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum, sundurliðaðar eftir greiddum iðgjöldum og uppsafnaðri arðsemi fjárfestinga, að fráðregnum kostnaði og gjöldum frá því rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hóf sparað í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni,
 - iii. upplýsingar um iðgjöld vegna áhættu er tengist ævilíkum manna,

- d) í liðnum með fyrirsögninni „Hvað kem ég til með að fá þegar ég fer á eftirlaun?“, eftirfarandi upplýsingar:
- upplýsingar sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. og d-lið 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 og 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, þegar raunverulegu iðgjaldi, áætluðum fjárhæðum iðgjalda og einstaklingsbundnum skilmálum og skilyrðum er beitt,
 - eftir atvikum, upplýsingar um viðbótarlífeyrisspar, byggðar á innlendum reglum í samræmi við 3. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
- e) upplýsingar um áætlaða uppsafnaða fjármagnið við lok söfnunartímabilsins og áætluð mánaðarleg eftirlaun,
- f) í liðnum með fyrirsögninni „Hvernig hefur samevrópska séreignarsparnaðarafurðin mín breyst á síðustu 12 mánuðum?“, upplýsingar sem um getur í e-, f- og h-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 um þróunina á samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum undangengna 12 mánuði, með afstemmingu upphafsreikningstöðu við lokareikningsstöðu með því að sýna iðgjöld, ávöxtun fjárfestinga sem ráðstafað var á samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn og kostnað og gjöld sem um getur í 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar,
- g) í liðnum með fyrirsögninni „Lykilþættir sem áhrif hafa á árangurinn af samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni minni“, upplýsingar, ef við á, sem um getur í g-, j- og l-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238 og 10. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar,
- h) í liðnum með fyrirsögninni „Mikilvægar upplýsingar“, eftirfarandi upplýsingar:
- upplýsingar um allar verulegar breytingar á skilmálum og skilyrðum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem um getur í 5. og 6. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
 - tilgreining á hvar og hvernig má fá viðbótarupplýsingar sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) 2019/1238,
 - ef við á, tilvísun til yfirlýsinga um fjárfestingarstefnur sem taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunarþátta skv. c-lið 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.

Upplýsingar sem um getur í iii. lið c-liðar fyrstu undirgreinar skulu settar fram aðskildar í samræmi við 4. mgr. 3. gr.

Upplýsingar sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar skulu settar fram leiðréttar fyrir verðbólguáhrifum. Upplýsingunum skal fylgja textaskýring á umreikningnum yfir á núvirði vegna breytinga á kaupmætti til lengri tíma.

Að því er varðar f-lið fyrstu undirgreinar skulu samsettu áhrifin af kostnaðinum á áætlaða uppsafnaða fjármagnið við útgreiðslu, skv. f-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, sett fram sem „Skerðing auðs“ (e. *Reduction in Wealth*) eins og tilgreint er í III. hluta í III. viðauka við þessa reglugerð.

Upplýsingarnar sem um getur í g-lið fyrstu undirgreinar skulu vísa til fyrri árangurs af fjárfestingarkosti rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, sem ráðstafað var til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, og skulu veittar fyrir undangengin 10 ár, ef mögulegt er. Ef ekki er mögulegt að veita upplýsingarnar fyrir undangengin 10 ár, skulu upplýsingarnar veittar fyrir lengsta tímabilið sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur sparað í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni. Þær upplýsingar skulu settar fram sem meðalarðsemi fjárfestinga, að frádregnum fjárfestingarkostnaði, fyrir tímabilin: Undangengið ár, þrjú undangengin ár, fimm undangengin ár og tíu undangengin ár, sem hlutfall af uppsöfnuðu fjármagni.

2. Forsendurnar fyrir upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. skulu vera í samræmi við III. viðauka.

3. Ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi með þrepaskiptingu upplýsinga, skal fyrsta þrepið a.m.k. innihalda upplýsingarnar í a-, b-, d- og e-liðum 1. mgr. Aðrar nánari upplýsingar er hægt að veita með viðbótarþrepum.

11. gr.

Staðlað útlit á lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu leggja fram lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í samræmi við II. viðauka. Ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi má eingöngu aðlaga sniðmátið sem sett er fram í þeim viðauka í því skyni að nota þrepaskiptingu upplýsinga.

V. KAFLI

KOSTNAÐUR OG GJÖLD FYRIR SAMEVRÓPSKU GRUNNSÉREIGNASPARNAÐARAFURÐINA*12. gr.***Tegund kostnaðar og gjalda fyrir samevrópsku grunnséreignasparnaðarafurðina**

1. Kostnaðurinn og gjöldin sem um getur í 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, í tengslum við uppsafnað fjármagn rétthafa samevrópsku grunnséreignasparnaðarafurðarinnar við lok viðkomandi árs, skal samanstanda af öllum raunverulegum kostnaði og gjöldum sem stofnað var til beint á stigi framleiðandans eða á stigi útvistaðrar starfsemi, þ.m.t. viðeigandi fastakostnaður og -gjöld í tengslum við sparnaðinn í samevrópsku grunnséreignasparnaðarafurðinni og dreifingu á henni. Þessi kostnaður og gjöld skal einkum innihalda eftirfarandi kostnað:

- a) umsýslukostnað,
- b) fjárfestingarkostnað,
- c) dreifingarkostnað.

2. Allur kostnaður og öll gjöld sem tengd eru viðbótarþáttum eða -eiginleikum samevrópsku grunnséreignasparnaðar afurðarinnar, sem ekki er krafist skv. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238, og allur kostnaður og öll gjöld sem tengd eru þjónustu við skipti eins og sett er fram í 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238, skal ekki talinn með þeim kostnaði sem um getur í 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238.

*13. gr.***Kostnaður og gjöld fyrir tryggingar samevrópsku grunnséreignasparnaðarafurðinnar**

1. Ef samevrópska grunnséreignasparnaðarafurðin veitir tryggingu á fjármagnið, sem greiða skal við upphaf útgreiðslu tímabilsins og á útgreiðslutímabilinu eins og kveðið er á um í 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238, skal ekki telja kostnaðinn sem tengist beint þeirri fjármagnstryggingu með þeim kostnaði sem um getur í 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238.

2. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal með skýrum hætti og sérstaklega birta kostnaðinn sem lagður er á fyrir fjármagnstrygginguna undir liðnum með fyrirsögninni „Hver er kostnaðurinn?“ í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og undir liðnum með fyrirsögninni „Hvernig hefur samevrópska séreignarsparnaðarafurðin mín breyst á síðasta ári?“ í lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

3. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal, ef við á, geta fært sönnur á að viðkomandi kostnaður tengist beint fjármagnstryggingunni, að fenginni beiðni þar um frá lögbærum landsyfirvöldum eða Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni.

VI. KAFLI

ÁHÆTTUVERNIR*14. gr.***Markmið áhættuvarnanna**

1. Þegar notaðar eru áhættuvarnir fyrir fjárfestingaráætlun samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar setja fram markmið í samræmi við hin sértæku eftirlaunamarkmið rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða hóps rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, í samræmi við skilyrðin sem um getur í 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.

2. Framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal hanna áhættuvörnina á þann hátt að markmiðið um að veita stöðug og fullnægjandi einstaklingsbundin framtíðareftirlaun úr samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni náist, að teknu tilliti til áætlaða söfnunartímabilsins sem eftir er fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða hóps rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og útgreiðslukostsins sem rétthafinn hefur valið. Til að ná því markmiði skal hanna áhættuvörnina með eftirfarandi hætti:

- a) tryggja að vænta tapið, skilgreint sem hallinn á milli áætlaðrar samtölu iðgjalda og áætlaðs uppsafnaðs fjármagns við lok söfnunartímabilsins, sé ekki meira en 20% undir álagssviðmyndinni sem nemur fimmta hundraðshlutamarks af dreifingunni,
- b) stefna að ávöxtun umfram árlegt verðbólugstig með a.m.k. 80% líkum yfir 40 ára söfnunartímabili,
- c) taka tillit til niðurstaðna slembilíkans.

3. Fyrir samevrópsku grunnséreignasparnaðarafurðina, þegar framleiðandi samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar býður ekki fjármagnstryggingu eins og um getur í 13. gr., skal hann nota fjárfestingaráætlun sem tryggir, að teknu tilliti til niðurstaðna slembilíkans, að fjármagnið við upphaf útgreiðslutímabilsins og á útgreiðslutímabilinu fái til baka með a.m.k. 92,5% líkum. Ef söfnunartímabilið sem er eftir er 10 ár eða styttra við upphaf samnings um samevrópsku grunnséreignasparnaðarafurðina má nota a.m.k. 80% líkur þegar fjárfestingaráætlunin er notuð.

4. Þegar áhættuvörn er hönnuð fyrir hóp rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar skal framleiðandi samevrópsku séreignasparnaðarafurðarinnar hanna áhættuvörnina á þann hátt að tryggi sanngjarna og jafna vörn hvers rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar innan hópsins og letji einstaka rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar innan hópsins til hentistefnuhegðunar.

5. Framleiðendur samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar skulu tryggja að allar árangurstengdar launagreiðslur til einstaklinga sem koma fram fyrir hönd framleiðanda samevrópsku séreignasparnaðarafurðarinnar og framkvæma áhættuvarnirnar stuðli að markmiði áhættuvarnanna.

6. Framleiðendur samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar skulu sjá til þess að áhættuvörmin sé viðeigandi, skilvirk og árangursrik með beitingu sérstakra ferla og regluákvæða innan ramma afurðareftirlits og stjórnarháttá, eins og krafist er skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238. Sá rammi skal falla undir eftirlitsúttekt og skýrslugjöf eftirlitsaðila.

7. Ef rétthafi samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar velur annan fjárfestingarkost skv. 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238 eða skiptir um framleiðanda samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar skv. 5. mgr. 20. gr. eða 52. gr. þeirrar reglugerðar, skal framleiðandi samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar greiða út, á sanngjarnan hátt, ráðstafaða varasjóði, ef einhverjir, og arðsemina af fjárfestingum til rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar sem er á förum. Framleiðandi samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar skal tryggja að útgreiðslan sé jafn sanngjörn gagnvart rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar sem er á förum og gagnvart rétthöfum sem eru áfram.

8. Ef um er að ræða neikvæða efnahagsþróun síðustu þrjú ár fram að lokum áætlaðs söfnunartímabils sem eftir er fyrir rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar, skal framleiðandi samevrópsku séreignasparnaðarafurðarinnar framlengja síðasta fasa lífsferilsins eða áhættuvarnarinnar sem beitt er um viðeigandi viðbótartíma allt að þremur árum umfram upphafleg áætlun lok söfnunartímabilsins. Slik framlenging skal falla undir skýrt samþykki rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar og gerð í samræmi við skilyrðin sem um getur í 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238.

15. gr.

Lífsferill

1. Þegar áhættuvörn er notuð sem aðlagar fjárfestingarskiptinguna í því skyni að draga úr fjárhagslegri áhættu af fjárfestingunum sem samsvarar tímanum sem eftir er, skal framleiðandi samevrópsku séreignasparnaðarafurðarinnar tilgreina meðaláhættu vegna hlutabréfa og skuldagerninga, samtímis því að tryggja reglufylgni við 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/1238 fyrir öll möguleg undireignasöfn sem svara til fasanna í lífsferlinum.

2. Framleiðandi samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar skal hanna lífsferilinn á þann hátt að tryggi að rétthafar samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar sem lengst eru frá áætluðum lokum söfnunartímabilsins fjárfesti, upp að tilgreindu samningsbundnu marki, í langtímafjárfestingum sem njóta góðs af hærri arðsemi vegna tiltekinna einkenna þeirra í hærri áhættu og arðsemi, þ.m.t. illseljanleika eða hlutabréfacinkenna. Fyrir rétthafa samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar sem næstir eru áætluðum lokum söfnunartímabilsins skal framleiðandi samevrópsku séreignasparnaðarafurðarinnar tryggja að fjárfestingarnar séu fyrst og fremst auðseljanlegar, af miklum gæðum og síni fasta arðsemi fjárfestinga.

*16. gr.***Að koma upp varasjóðum**

1. Þegar notuð er áhættuvörn þar sem komið er upp varasjóðum af iðgjöldum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða arðsemi fjárfestinga hans skulu framleiðendur samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram í samningnum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, á gagnsæjan og skiljanlegan hátt, reglurnar um úthlutun uppsafnaða fjármagnsins og arðseminnar af fjárfestingum inn á reikning hvers rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, til og frá varasjóðunum og, ef við á, samsvarandi hóps rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
2. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal ráðstafa iðgjöldum og arðsemi fjárfestinga eyrnamerktra eigna á varasjóðina með gagnsæjum og skiljanlegum hætti, með það að markmiði að byggja upp fullnægjandi varasjóði á tímum jákvæðrar afkomu fjárfestinga. Á sama hátt skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar ráðstafa af varasjóðunum inn á reikning hvers rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og, ef við á, samsvarandi hóps rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, á sanngjarnan og gagnsæjan hátt, á tímum neikvæðrar afkomu fjárfestinga.
3. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal með skýrum hætti auðkenna og eyrnamerkja eignirnar sem fjárfestar eru fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal ekki vera kleift að eiga viðskipti með eignir fyrir eigin reikning ef eignirnar eru eyrnamerktaðar rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
4. Fyrstu 10 árin eftir stofnsetningu nýrrar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar stuðlað að stofnsetningu varasjóðanna með því að veita lán eða með hlutafjárframlagi til eigna rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Í því tilviki skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar tilgreina og setja fram á gagnsæjan og skiljanlegan hátt skilmálana og skilyrðin fyrir iðgjaldi sínu og hagnaðarskiptingu í samningnum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, sem og áætlun um stígbundna losun fjárfestingarinnar yfir að hámarki 10 ára tímabil.

*17. gr.***Tryggingar um lágmarksávöxtun**

1. Þegar framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður tryggingar fyrir lágmarksávöxtun skal framleiðandinn lýsa með skýrum hætti einkennum tryggingarinnar, þ.m.t. takmörkunum og viðmiðunarmörkum, og tilgreina hvort tryggingin gildi um ávöxtun sem leiðrétt hefur verið fyrir verðbólgu eða ávöxtun á nafnvirði.
2. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal birta með skýrum hætti í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og síðan í lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar upplýsingar um hvort upphæð tryggingarinnar sé leiðrétt fyrir árlegu verðbólgu eða ekki.

*18. gr.***Heildstætt mat á áhættu og arðsemi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar**

Að því er varðar 3., 4., 5., 10. og 14. gr. skulu framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða beita aðferðafræðinni sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

*19. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

SNIÐMÁT FYRIR LYKILUPPLÝSINGASKJALIÐ UM SAMEVRÓPSKA SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐ

I. hluti. Leiðbeiningar um útfyllingu sniðmátsins fyrir lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu fylgja röð liða, fyrirsögnum, framsetningarverkfærum og táknmyndunum sem sett eru fram í sniðmátinu fyrir lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skv. II. hluta þessa viðauka, sem fastsetur þó ekki stika varðandi lengd einstakra liða og staðsetningu síðuskipta, og setur heildarhámark við fimm prentaðar A4-blaðsíður.
2. Undir áberandi fyrirsögninni „Lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð“ skal bæta við eftirfarandi yfirlýsingu: „Í þessu skjali eru veittar lykilupplýsingar um þessa samevrópsku séreignarsparnaðarafurð (PEPP). Þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að gera kleift að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af þessari séreignarsparnaðarafurð og að bera hana saman við aðrar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir.“
3. Í sniðmátinu geta framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar látið fylgja QR-kóða með tengil á rafræna útgáfu lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.
4. Efst á sniðmátinu, undir liðnum með fyrirsögninni „Stutt yfirlit um samevrópska séreignarsparnaðarafurð“, skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar setja fram eftirfarandi upplýsingar:
 - a) áætlaða uppsafnaða fjármagnið af mánaðarlegu iðgjaldi upp á 100 evrur yfir 40 ára tímabil, við óhagstæða og hagstæða sviðsmynd,
 - b) heildarkostnaðinn á ári sem hlutfall af uppsöfnuðu fjármagni á grundvelli mánaðarlegs iðgjalds upp á 100 evrur,
 - c) flokkunina á samantekna áhættuvísinum og
 - d) yfirlýsingu um hvort með afurðinni sé veitt trygging.
5. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal bæta við eftirfarandi yfirlýsingu: „Lífeyrisafurðin sem lýst er í þessu skjali er langtímaafurð með takmarkaðan innleysanleika og ekki uppsegjanleg hvenær sem er.“
6. Í eftirfarandi lið getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar bætt við merki fyrirtækisins eða kennimerki og skal veita upplýsingar um eftirfarandi:
 - a) auðkenni og samskiptaupplýsingar framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,
 - b) lögbær yfirvöld framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,
 - c) heiti samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og skráningarnúmer hennar í miðlægu opinberu skránni,
 - d) undir „afurðartegund“, hvort um er að ræða samevrópska grunnséreignasparnaðarafurð eða ekki og, ef ekki, hvort lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð vísi til tiltekins annars fjárfestingarkosts eða veiti almennar upplýsingar um aðra mögulega fjárfestingarkosti og
 - e) dagsetningu skjalsins.
7. Undir fyrirsögninni „Hvernig eru peningar mínir fjárfestir?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðar afurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 1. mgr. 3. gr. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta notað hægri dálkinn eða meginsvæðið til að veita upplýsingar skv. 10. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.
8. Undir fyrirsögninni „Fyrir hverja er þetta?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

9. Undir fyrirsögninni „Er sparnaður minn tryggður?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar gefa upp:
 - a) hvort samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurðin veiti tryggingu á fjármagnið eða sé í formi áhættuvarnar í samræmi við markmiðið að rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti fengið fjármagnið til baka eða
 - b) hvort og að hve miklu marki einhver annar fjárfestingarkostur, ef við á, veiti tryggingu eða áhættuvörn.
10. Undir fyrirsögninni „Hvað gerist þegar ég fer á eftirlaun?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.
11. Undir fyrirsögninni „Hvað verður um sparnað minn í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð ef ég dey/verð fatlaður/lifi lengur en ráð var fyrir gert í samningi mínum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 4. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.
12. Undir fyrirsögninni „Hvað gerist ef ég flyst á milli landa?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta notað hægri dálkinn eða meginsvæðið til að gefa upp hvar frekari upplýsingar er að fá.
13. Undir fyrirsögninni „Get ég dregið mig út úr afurðinni fyrir tímann?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar láta fylgja yfirlýsingu um afleiðingarnar fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar:
 - a) af að draga sig út úr samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni fyrir tímann, þ.m.t. um öll viðeigandi gjöld, viðurlög og mögulegan missi fjármagnsverndar og mögulegan missi annarra ívilnana og hvata, og
 - b) ef rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hættir að greiða inn á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina, þ.m.t. um öll viðeigandi gjöld, viðurlög og mögulegan missi fjármagnsverndar og mögulegan missi annarra ívilnana og hvata.
14. Undir fyrirsögninni „Get ég skipt um framleiðanda?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar gefa upp upplýsingarnar skv. 6. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta notað hægri dálkinn eða meginsvæðið til að gefa upp hvar frekari upplýsingar er að fá.
15. Undir fyrirsögninni „Get ég breytt fjárfestingarkosti mínum?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 7. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.
16. Undir fyrirsögninni „Verða peningar mínir fjárfestir á sjálfbæran hátt?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 8. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta notað hægri dálkinn eða meginsvæðið til að gefa upp hvar frekari upplýsingar er að fá.
17. Undir fyrirsögninni „Heyrir þetta undir lög [aðildarríki]?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingar um lögin sem gilda um samninginn um samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina, ef aðilarnir hafa ekki frjálst val um lög eða, ef aðilunum er frjálst að velja gildandi lög, lögin sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar leggur til að verði valin.
18. Undir fyrirsögninni „Get ég hætt við eða skipt um skoðun?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 9. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.
19. Undir fyrirsögninni „Hvert er áhættusnið þessarar afurðar?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta notað hægri dálkinn eða meginsvæðið til að gefa upp hvar frekari upplýsingar er að fá, einkum um aðferðafræðina sem beitt er fyrir samtekna áhættuvísinn.
20. Undir fyrirsögninni „Er hætt á að ég tapi öllu fjárfestu fjármagni mínu?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

21. Undir fyrirsögninni „Hvers get ég vænst við starfslok?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, þegar hann setur fram upplýsingarnar í 3. og 4. mgr. 4. gr., setja fram upplýsingarnar skv. a- til c-lið 3. mgr. 4. gr. á eftirfarandi hátt:
- a) óhagstæðu sviðsmyndina í flokknum „ef árangurinn af fjárfestingum þínum er slakur“,
 - b) sviðsmynd besta mats í flokknum „ef árangurinn af fjárfestingum þínum er miðlungs góður“,
 - c) hagstæðu sviðsmyndina í flokknum „ef árangurinn af fjárfestingum þínum er mjög góður“,
 - d) spárnar fyrir söfnunartímabil til 40 ára við „núverandi aldur þinn 25“, fyrir söfnunartímabil til 30 ára við „35“, fyrir söfnunartímabil til 20 ára við „45“ og fyrir söfnunartímabil til 10 ára við „55“, eftir því sem við á.
22. Undir fyrirsögninni „Hvers get ég vænst við starfslok?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram yfirlýsingu um að skattalög búsetuaðildarríkis rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti haft áhrif á raunverulega útgreiðslu.
23. Undir liðnum með fyrirsögninni „Hvað gerist ef [nafn framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar] getur ekki greitt út?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar bæta við stuttri lýsingu á því hvort tengt tap falli undir bóta- eða ábyrgðarkerfi fyrir fjárfesta, og ef svo er hvaða kerfi það er, heiti ábyrgðarveitandans og hvaða áhættur falla undir kerfið og hverjar ekki,
24. Undir fyrirsögninni „Einskiptiskostnaður?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram kostnaðinn við að skrifa undir samninginn og einsskiptisgjöldin ef samningnum er sagt upp innan fimm ára.
25. Undir fyrirsögninni „Árlegur kostnaður?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram upplýsingarnar skv. 1. og 3. mgr. 5. gr. Framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða geta notað hægri dálkinn eða meginsvæðið til að útskýra sérhvern viðbótarkostnað sem framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignaaufurðarinnar leggja á og veita nánari upplýsingar um sérhvern kostnað við dreifingu sem ekki er þegar innifalinn í kostnaðinum sem tilgreindur er undir fyrri fyrirsögnum, til að gera rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kleift að skilja samlegðaráhrifin sem þessi samanlagði kostnaður hefur á ávöxtun af fjárfestingunni.
26. Undir liðnum með fyrirsögninni „Hverjar eru sértæku kröfurnar fyrir undirreikninginn sem samsvarar [búsetuaðildarríki mitt]?“ og undir undirlið með fyrirsögninni „Kröfur fyrir inngreiðslutímabilið“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar lýsa skilyrðunum fyrir söfnunartímabilinu, eins og þau eru ákvörðuð af búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Undir undirlið með fyrirsögninni: „Kröfur fyrir útgreiðslutímabilið“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar lýsa skilyrðunum fyrir útgreiðslutímabilinu, eins og þau eru ákvörðuð af búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
27. Undir liðnum með fyrirsögninni „Hvernig ber ég fram kvörtun?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram hvernig og hjá hverjum rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur lagt fram kvörtun vegna samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eða framferðis framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

II. hluti Sniðmát




Samevrópsk séreignarsparnaðarafurð (PEPP)

Lykilupplýsingaskjal

Þetta skjal veitir þér mikilvægar upplýsingar um þessa samevrópsku sér-
eignarsparnaðarafurð (PEPP). Þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er
lögbundin og í þeim tilgangi að gera kleift að skilja einkenni, áætattu, kostnað,
hugsanlegan ávinning og tap af þessari séreignarsparnaðarafurð og að bera
hana saman við aðrar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir.“

QR-kóði, sem
beinir neytendum
á rafræna útgáfu
af þessu
lykilupplýsinga-
skjali fyrir fjárfesta

Stutt yfirlit um samevrópska séreignarsparnaðarafurð



Minni áhætta

Meiri áhætta

Ef þú greiðir iðgjald: **100 evrur* á mánuði**
 yfir tímabil: **40 ár**
 gætir þú fengið: **xx.xxx evrur til xx.xxx evrur**

Árlegur kostnaður: **xx% af uppsöfnuðum sparnaði**

Þessi lífeyrisafurð hefur verið flokkuð sem 1/2/3/4 af 4

...allt eftir hver árangurinn verður á markaðnum
og af fjárfestingum þínum

**Þessi samevrópska
séreignarsparnaðarafurð veitir
ekki/ veitir tryggingu
(sjá upplýsingar hér að neðan)**

Kennimerki framleiðanda

Lífeyrisafurðin sem lýst er í þessu skjali er langtímaafurð með takmarkaðan innleysanleika og ekki uppsegjanleg hvenær sem er.

Heiti afurðar: [Heiti samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar]

Framleiðandi:

Skráningarnúmer:

XXX XXX

Lögbært vfirvald:

XXX

Afurðartegund:

XXX

Dagsetning:

DD mánuður ÁÁÁÁ

1

HVERS KONAR AFURÐ ER ÞETTA?



Hvernig eru peningar mínir fjárfestir?

Upplýsingar um fyrri árangur af þessari afurð er hægt að finna hér:

Fyrir hverja er þetta?



Er sparnaður minn tryggður?

Til að vernda peningana þína geta samevrópskar séreignarsparnaðaruförir annað hvort verið með tryggingu eða fyrirkomulag til að lágmarka áhættuna á að þú tapir peningunum þínum. Þessi samevrópska séreignarsparnaðaruför:



- Er með tryggingu: Við starfslok munt þú a.m.k. geta fengið til baka alla peningana sem þú lagðir inn til lengri tíma (að frádregnum kostnaði og gjöldum)
- Er ekki með tryggingu, en er á forni áhættuvarnar í samræmi við markmiðið að réttthafi samevnrpskrar séreignarsparnaðararfurðar geti fengið fjármagnid til baka

* mynteining í gjaldmiðli sem samsvarar undirreikningnum

1

HVERS KONAR AFURÐ ER ÞETTA? (frh.)



Hvað gerist þegar ég fer á eftirlaun?

Með samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum er þér gefið val um mismunandi eftirlaun. Með þessari samevrópsku séreignarsparnaðarafurð er þér boðið að velja um:



Lífeyri og ævilangar útgreiðslur



Eingreiðslu



Úttektargreiðslur



Sambland af þessu

Um hvað þú getur fengið við starfslok vinsamlegast sjá lið 2.



Hvað verður um sparnað minn í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð ef ég dey/verð fatlaður/lifi lengur en ráð var fyrir gert í samningi mínum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð?

Ef þú deyrð áður en ferð á eftirlaun

Ef þú getur ekki haldið áfram að greiða inn á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina

Ef þú velur að fá mánaðarlegar greiðslur eftir starfslok, en lifir lengur en ráð var fyrir gert í samningi þínum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð



Hvað gerist ef ég flyst á milli landa?



Get ég dregið mig út úr afurðinni fyrir tímann?



Get ég skipt um framleiðanda?



Get ég breytt fjárfestingarkosti mínum?



Frekari upplýsingar um flutning eru tiltækar á:

1

HVERS KONAR AFURÐ ER ÞETTA? (frh.)



Verða peningar mínir fjárfestir á sjálfbæran hátt?



Heyrir þetta undir lög [aðildarríki]?



Get ég hætt við eða skipt um skoðun?



Frekari upplýsingar um meginreglur okkar um fjárfestingarstefnu eru tiltækar á:

2

HVERJAR ERU ÁHÆTTURNAR OG HVAÐA ÁVÖXTUN GÆTI ÉG FENGID?

Hvert er áhættusnið þessarar afurðar?



Þessi lífeyrisafurð hefur verið flokkuð sem 1/2/3/4 af 4

Frekari upplýsingar um aðferðafræðina sem notuð er fyrir áhættuvísí samevrópsku séreignarsp-arnaðarafurðarinnar eru tiltækar á:



Er hætt á að ég tapi öllu fjárfestu fjármagni mínu?

2

HVERJAR ERU ÁHÆTTURNAR OG HVADA ÁVÖXTUN GÆTI ÉG FENGID? (frh.)



Hvers get ég vænst við starfslok?

Ómögulegt er að spá nákvæmlega fyrir um hvernig sparnaður þinn muni þróast til lengri tíma en til að hjálpa þér að vita hverju má búast við eru hér þrjár mögulegar sviðsmyndir. Endanleg eftirlaun þín ráðast að hluta til af aldri þínum núna (vegna þess að því yngri sem þú ert núna þeim mun lengur munt þú spara) og að hluta til af hvernig fjárfestingarmarkaðnum reiðir af.

Ef gert er ráð fyrir að þú fjárfestir 100 evrur á hverjum mánuði í þessari samevrópsku séreignarsparnaðarafurð fram að starfslokum:

Núverandi aldur þinn	Ef árangurinn af fjárfestingum þínum er slakur , gætir þú fengið: eingreiðsla eða mánaðarlegar greiðslur		Ef árangurinn af fjárfestingum þínum er miðlungs góður , gætir þú fengið: eingreiðsla eða mánaðarlegar greiðslur		Ef árangurinn af fjárfestingum þínum er mjög góður , gætir þú fengið: eingreiðsla eða mánaðarlegar greiðslur	
	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx
25 ára	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx
35	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx
45	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx
55	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx	€xx,xxx	€xxx

Þessar tölur eru aðlagðar með tilliti til verðbólgu, þar sem hækkun á almennu verðlagi getur haft áhrif á sparnað á hvað formi sem er.

Ef þú vilt skilja betur hvernig sviðsmyndirnar eru byggðar upp, sjá:

3

HVAÐ GERIST EF [HEITI FRAMLEIÐANDA SAMEVRÓPSKU SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐARINNAR] GETUR EKKI GREITT ÚT?



4

HVER ER KOSTNAÐURINN?



Eigniskiptiskostnaður

Eigniskiptiskostnaður samtals fyrir að skrá sig fyrir afurðinni

€x

Þú mun greiða eigniskiptisgjald að upphæð xxx evrur ef þú segir upp reikningnum innan fimm ára frá opnun hans



Árlegur kostnaður

Samanlagður árlegur kostnaður

x%

€xxx

Þessi kostnaður er hlutfall af inngreiddum sparnaði þínum

Þetta myndi vera áætlaður kostnaður á ári

5

HVERJAR ERU SÉRTÆKU KRÖFURNAR FYRIR UNDIRREIKNINGINN SEM SAMSVARAR [BÚSETUADILDARRÍKI]?



Kröfur fyrir inngreiðslutímabilið



Kröfur fyrir útgreiðslutímabilið

6

HVERNIG BER ÉG FRAM KVÖRTUN?

*II. VIÐAUKI***SNIDMÁT FYRIR LÍFEYRISYFIRLIT SAMEVRÓPSKRAR SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐAR****I. hluti. Leiðbeiningar um útfyllingu sniðmátsins fyrir lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar**

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu fylgja röð liða, fyrirsögnum og framsetningarverkfærum og táknmyndum sem sett eru fram í sniðmáttinu sem fastsetur þó ekki stika varðandi lengd einstakra liða og staðsetningu síðuskipta.
2. Í sniðmáttinu geta framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar látið fylgja QR-kóða með tengil á rafræna útgáfu lífeyrisyfirlits samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og geta bætt við merki fyrirtækis eða kennimerki framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.
3. Undir þættinum með fyrirsögninni „Hvað kem ég til með að fá þegar ég fer á eftirlaun?“ skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram niðurstöðurnar af eftirfarandi sviðsmyndum:
 - a) óhagstæðu sviðsmyndina í flokknum „ef árangur af fjárfestingunum er slakur“,
 - b) sviðsmynd besta mats í flokknum „ef árangur af fjárfestingunum er miðlungs góður“,
 - c) hagstæðu sviðsmyndina í flokknum „ef árangur af fjárfestingunum er mjög góður“.

II. hluti Sniðmát

**Samevrópsk séreignarsparnaðarafurð (PEPP)**
Lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

Dagsetning:

kennimerki
framleiðandaQR-kóði sem
beinir neytendum
á rafræna útgáfu
af þessu
lífeyrisyfirliti

Nafn:

Samskiptaupplýsingar:

Heimilisfang:

Dagsetningin sem þú hófst sparnað:
í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni:

Fyrsta mögulega dagsetning starfsloka:

Auðkennisnúmer samnings um
samevrópska séreignarsparnaðarafurð:

Fyrirtæki:

Heimilisfang tengiliðar:

Land skráningar/
starfsleysis framleiðanda samevrópsku
séreignarsparnaðarafurðarinnar

Lögbætt yfirvald:

1

**HVE MIKIÐ HEF ÉG SPARAÐ Í SAMEVRÓPSKU
SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐINI MINNI?**

Frá DD mánuður ÁÁÁÁ til DD mánuður ÁÁÁÁ

€*X,XXX



Þú hefur greitt inn

Heildarávöxtun sem ráðstafað er á
reikninginn þinn að fráðregnum kostnaðiHeildarsparnaður þinn í samevrópskri
séreignarsparnaðarafurð er

€X,XXX

+/-€XX

€X,XXX

2

HVAÐ KEM ÉG TIL MEÐ AÐ FÁ ÞEGAR ÉG FER Á EFTIRLAUN?Framtíðareftirlaun þín ráðast af hversu mikið framlag þitt er á söfnunartímabilinu og hver árangurinn
verður af fjárfestingum þínum. Árangurinn af fjárfestingum þínum tengist því hvernig markaðarnir þróast -
sem er sýnt hér í þremur mögulegum sviðsmyndum:Ef árangur af fjárfestingunum
er slakur, gætir þú fengið:**X.XXX evrur**
sem eingreiðsla
eða XXX evrur á mánuðiEf árangur af fjárfestingunum er
miðlungs góður gætir þú fengið:**X.XXX evrur**
sem eingreiðsla
eða XXX evrur á mánuðiEf árangur af fjárfestingunum
er mjög góður gætir þú fengið:**X.XXX evrur**
sem eingreiðsla
eða XXX evrur á mánuði

* mynteining í gjaldmiðli sem samsvarar undirreikningnum

3

HVERNIG HEFUR SAMEVRÓPSKA SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐIN MÍN BREYST Á SIÐUSTU 12 MÁNUÐUM?

€X,XXX

Verðgildi á DD mánuður
ÁÁÁÁ

+€X,XX

löggjöld greidd í +XX evrum
Úthlutuð ávöxtun +XX evrur

-€X,XX

Heildarkostnaður (X.X%)
Umsýslukostnaður (X.X%)
-XX evrur
Fjárfestingarkostnaður, að meðtöldum...
Kostnaður af vörslu eigna (X.X%)
-XX evrur
Viðskiptakostnaður eignasafns (X.X%)
-XX evrur
Annar fjárfestingarkostnaður (X.X%)
-XX evrur
Dreifingarkostnaður (X.X%)
-XX evrur
Ef við á [Kostnaður vegna tryggingar]
(X.X%)
-XX evrur

€X,XXX

Verðgildi á DD mánuður
ÁÁÁÁ

LYKILÞÆTTIR SEM ÁHRIF HAFA Á ÁRANGURINN AF SAMEVRÓPSKU SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐINNI ÞINNNI

🔒

Áhættuvörn

👤

Sjálfbærni

📊

Hver hefur fyrri árangur verið af fjárfestingarkosti mínum?

Fyrri árangur er ekki vísbending um árangur í framtíðinni.

4

3

2

1%

0

X.X%

X.X%

X.X%

X.X%

Á síðasta ári

Síðustu 3 ár

Síðustu 5 ár

Síðustu 10 ár

5

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR



Hafa skilmálar samevrópsku séreignarspamaðarafurðarinnar minnar breyst á síðasta ári?

Vinsamlega hafðu samband við okkur ef þú þarfnast nánari útskýringa.



Fáðu nánari upplýsingar um réttindi þín og valkosti að því er varðar:



Hvar get ég fengið frekari upplýsingar?

III. VIÐAUKI

INNTAKSGÖGN, FORSENDUR OG AÐFERÐAFRÆÐI

I. hluti. Aðferðafræði sem liggur að baki framsetningunni á áhættu og arðsemi

Samantekinn áhættuvísir

- Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu skipta samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðinni og einstökum öðrum fjárfestingarkostum á fjóra mismunandi flokka: „1“, „2“, „3“ og „4“. Skiptingin skal byggja á:
 - áhættunni á að fá ekki til baka verðbólguleiðréttu iðgjöldin,
 - áætluðum halla, og
 - samanburði á áætlaðri arðsemi, með tilliti til þess að ná tilteknum réttindum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, eins og við á, við upphaf, eða á útgreiðslutímabilinu.
- Til að reikna út áhættuna á að fá ekki til baka verðbólguleiðréttu iðgjöldin skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar slembiákvæða afmörkunina á áætlaða uppsafnaða fjármagninu við lok söfnunartímabilsins fyrir almenna rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, algengar lengdir á söfnunartímabilum og staðlaðar fjárhæðir iðgjalda. Með því að fylgja slembihermun skal áhættan sett fram sem líkindi í prósentustigum, sem umreiknuð eru út frá fjölda athugana þar sem samtala verðbólguleiðréttu iðgjaldanna er hærri en vænt virði uppsafnaða fjármagnsins við lok söfnunartímabilsins, samanborið við fjölda allra athugananna.
- Áhættunni af einstökum fjárfestingarkostum um að fá ekki til baka verðbólguleiðréttu iðgjöldin skal útteilt á mismunandi flokka með eftirfarandi hætti:

Flokkar	Söfnunartímabil			
	40 ár	30 ár	20 ár	10 ár
1	allt að 13,75%	allt að 17%	allt að 27%	allt að 36%
2	13,8 til 16,55%	17 til 19,75%	27 til 29,25%	36 til 43,25%
3	16,6 til 19,35%	19,8 til 22,55%	29,3 til 31,55%	43,3 til 50,55%
4	yfir 19,4%	yfir 22,6%	yfir 31,6%	yfir 50,6%

Ef áhættuflokkur fjárfestingarkostsins er ólíkur milli mismunandi söfnunartímabila skal nota hæsta áhættuflokkinn.

- Til að reikna út áætlaða hallann skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar slembiákvæða afmörkunina á áætlaða uppsafnaða fjármagninu við lok söfnunartímabilsins fyrir almenna rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, algengar lengdir á söfnunartímabilum og staðlaða fjárhæð iðgjalda. Með því að fylgja slembihermun skal áhættan sett fram sem hlutfall af áætlaða hallanum með tilliti til samtölnunnar á verðbólguleiðréttu iðgjöldunum. Áætlaði hallinn er ákvarðaður út frá tilvikunum þar sem verðbólguleiðréttu iðgjöldin eru hærri en vænt virði uppsafnaða fjármagnsins við lok söfnunartímabilsins og meðaltalstaps þessara tilvika.
- Áhættunni af einstökum fjárfestingarkostum með tilliti til áætlaðs halla skal útteilt á mismunandi flokka með eftirfarandi hætti:

Flokkar	Söfnunartímabil			
	40 ár	30 ár	20 ár	10 ár
1	allt að -20%	allt að -17%	allt að -13%	allt að -8%
2	-20 til -23%	-17 til -20,25%	-13 til -16,5%	-8 til -11,25%
3	-23,5 til -26,5%	-20,3 til -23,55%	-16,6 til -20,1%	-11,3 til -14,55%
4	yfir -26,5%	yfir -23,6%	yfir -20,1%	yfir -14,6%

Ef áhættuflokkur fjárfestingarkostsins er ólíkur milli mismunandi söfnunartímabíla skal nota hæsta áhættuflokkinn.

6. Til að reikna út áætluðu arðseminum til að ná tilteknum réttindum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar slembiákvarða afmörkunina á áætlaða uppsafnaða fjármagninu við lok söfnunartímabilsins fyrir almenna rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, algengar lengdir á söfnunartímabilum og staðlaða fjárhæð iðgjalda. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu setja arðseminum fram með hliðsjón af miðgildinu á uppsafnaða fjármagninu við lok söfnunartímabilsins sem margfeldi af samtölunni af verðbólguleiðrétu iðgjöldunum.
7. Arðseminni af einstökum fjárfestingarkostum til að ná tilteknum réttindum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð skal útteilt á mismunandi flokka með eftirfarandi hætti:

Flokkar	Söfnunartímabil			
	40 ár	30 ár	20 ár	10 ár
1	allt að 1,7	allt að 1,3	allt að 1,08	allt að 0,93
2	1,7 til 2,03	1,3 til 1,45	1,08 til 1,165	0,93 til 0,985
3	2,035 til 2,36	1,455 til 1,61	1,17 til 1,255	0,99 til 1,045
4	yfir 2,365	yfir 1,615	yfir 1,26	yfir 1,05

Ef arðsemiflokkur fjárfestingarkostsins er ólíkur milli mismunandi söfnunartímabíla skal nota lægsta arðsemiflokkinn.

8. Til að leggja niðurstöðurnar úr flokkuninni á einstökum fjárfestingarkostum saman við samantekna áhættuvísinn skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar:
 - a) bera saman áhættuflokkana tvo og ef virði flokkana er ólíkt þá velja það sem er hærra,
 - b) bera niðurstöðu áhættuflokksins saman við virðið á arðsemiflokknum, svo framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar geti veitt viðbótarupplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, með samanburði á arðseminni af fjárfestingarkostum í hlutfalli við áhættuna.

Árangurssviðsmyndir

9. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu slembiákvarða áætluð réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, eins og við á, við upphaf, eða á útgreiðslutímabilinu, með því að taka tillit til:
 - a) staðlaðra eða einstaklingsmiðaðra fjárhæða iðgjalda,
 - b) lengdar söfnunartímabilsins,
 - c) lífslíka almenns rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, ef við á,
 - d) tilhneigingarinnar er varðar launahækkar, eftir atvikum,
 - e) áætluðu arðseminnar af fjárfestingunni á nafnvirði, samkvæmt fjárfestingaráætluninni, stefnumiðuð útteiling fjárfestingar,
 - f) árlega verðbólguþéttisins og
 - g) kostnaðarins.
10. Sviðsmyndavirðin fyrir áætluð réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð undir mismunandi árangurssviðsmyndum skulu ákvörðuð í samræmi við slembidreifingu áætlaðra réttinda í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð:
 - a) fyrir hagstæðu sviðsmyndina skal virði réttindanna í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð vera við 85. Hundraðs hlutamark dreifingarinnar,
 - b) fyrir sviðsmynd besta mats skal virði réttindanna í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð vera við 50. Hundraðs hlutamark dreifingarinnar,

- c) fyrir óhagstæðu sviðsmyndina skal virði réttindanna í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð vera við 15. Hundræðshlutamark dreifingarinnar,
- d) fyrir álagssviðsmyndina skal virði réttindanna í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð vera við 5. hundræðshlutamark dreifingarinnar.

II. hluti Reglur til að ákvarða forsendurnar fyrir spám um lífeyri

Árlegt arðsemistig fjárfestinga á nafnvirði

11. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu ákvarða áætluðu arðseminum af fjárfestingum á nafnvirði fyrir samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina og aðra fjárfestingarkosti með viðeigandi slembiaðferð, með því að endurspegla tilsvandi fjárfestingaráætlun, stefnumiðaða útteilingu fjárfestingar og áhættuvörðunina sem beitt er fyrir einstaka fjárfestingarkosti.
12. Þegar ólíkir þættir slembilíkansins eru ákvarðaðir skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar nota árlega verðbólguþættið og geta íhugað að nota einingaaðferð fyrir slembiútreikninginn á, a.m.k.:
 - a) nafnvöxtunum,
 - b) vaxtaálaginu, þ.m.t. flutningi og vanefndum, og
 - c) arðinum af hlutabréfum.
13. Fyrir ákvörðunina um nafnvextina, getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar notað G2++ skammtíma vaxtalíkanið, eins og lýst er af Brigo et al. (2006) ⁽¹⁾, sem er jafngilt tveggja þátta Hull-White líkaninu og heimilum neikvæða vexti. Virkni þess stýrist af fimm stikum, tveim á hvern þátt og einn fyrir fylgnina. Fylgni er milli þáttanna í tveggja vídda Wiener ferlinu og ákvarðandi tilfærsla gerir fullkomna mátun upphaflega vaxtaferilsins að markaðsvöxtum mögulega.

Slembi-diffurjöfnurnar fyrir þættina tvo $x(t)$ og $y(t)$ eru

$$dx(t) = -ax(t)dt + \sigma dW_1^{\mathbb{Q}}(t), x(0) = 0$$

og

$$dy(t) = -by(t)dt + \eta dW_2^{\mathbb{Q}}(t), y(0) = 0,$$

þar sem a , b , σ og η eru jákvæðir stíkar og $W_1^{\mathbb{Q}}$ og $W_2^{\mathbb{Q}}$ Wiener fylgniferli undir áhættuhlutlausu aðgerðinni $\mathbb{Q}$. Fylgnistíkinn ρ er skilgreindur með

$$dW_1^{\mathbb{Q}}(t)dW_2^{\mathbb{Q}}(t) = \rho dt.$$

14. Áhættuhlutlausu virðismatið með því að nota áhættuhlutlausu aðgerðina $\mathbb{Q}$ krefst aðlögunar að raunaðgerðinni $\mathbb{P}$, sem velja má sem fast, ótímabundið markaðsverð áhættu.
15. Með því að nota kenningu Girsanovs (e. *Girsanov's theorem*) fylgir útreikningurinn

$$dW_i^{\mathbb{P}} = -\lambda_i dt + dW_i^{\mathbb{Q}}, i = 1, 2$$

þar sem λ_i er markaðsverð áhættu. Hreyfiaflinu undir $\mathbb{P}$ -aðgerðinni er þá hægt að lýsa sem

$$dx(t) = (\lambda_1 \sigma - ax(t))dt + \sigma dW_1^{\mathbb{P}}(t), x(0) = 0$$

og

$$dy(t) = (\lambda_2 \eta - by(t))dt + \eta dW_2^{\mathbb{P}}(t), y(0) = 0.$$

⁽¹⁾ Brigo, D., Mercurio, F.: Interest Rate Models – Theory and Practice, Önnur útgáfa, Springer-Verlag Berlin Heidelberg, 2001, 2006.

Skammtíamavaxtaferlið $r(t)$ er samtalan á þáttunum tveim og hinna ákvarðandi tilfærslu, þ.e.

$$r(t) = x(t) + y(t) + \varphi(t),$$

þar sem hin ákvarðandi tilfærsla $\varphi(t)$

$$\varphi(T) = f^M(0, T) + \frac{\sigma^2}{2a^2} (1 - e^{-aT})^2 + \frac{\eta^2}{2b^2} (1 - e^{-bT})^2 + \rho \frac{\sigma\eta}{ab} (1 - e^{-aT})(1 - e^{-bT})$$

er staðfest. Í þessari jöfnu stendur $f^M(0, T)$ fyrir framvirka augnabliksmarkaðsvexti við upphafstíma 0 með tímabilið T .

16. Með því að fylgja G2++ líkaninu er til staðar greiningarlausn á verðinu á eingreiðslubréfi með því að skilgreina

$$\begin{aligned} V(t, T) := & \frac{\sigma^2}{a^2} \left[T - t + \frac{2}{a} e^{-a(T-t)} - \frac{1}{2a} e^{-2a(T-t)} - \frac{3}{2a} \right] \\ & + \frac{\eta^2}{b^2} \left[T - t + \frac{2}{b} e^{-b(T-t)} - \frac{1}{2b} e^{-2b(T-t)} - \frac{3}{2b} \right] \\ & + 2\rho \frac{\sigma\eta}{ab} \left[T - t + \frac{e^{-(T-t)} - 1}{a} + \frac{e^{-b(T-t)} - 1}{b} - \frac{e^{-(a+b)(T-t)} - 1}{a+b} \right], \\ A(t, T) := & \frac{P^M(0, T)}{P^M(0, t)} e^{\frac{1}{2}[V(t, T) - V(0, T) + V(0, t)]}, \end{aligned}$$

og

$$B(z, t, T) := \frac{1 - e^{-z(T-t)}}{z}$$

þar sem verðið á eingreiðslubréfi í G2++ líkaninu er

$$P(t, T) = A(t, T) e^{-B(a, t, T)x(t) - B(b, t, T)y(t)}.$$

$P^M(t, T)$ stendur hér fyrir markaðsverðið á eingreiðslubréfi við tímann t fyrir gjalddaga T .

17. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur notað líkanaverðið til að ákvarða arðsemina af áhættulausum fjárfestingum í skuldabréfum. Enn fremur má nota skammtíamavextina sem ílag við líkanagerð fyrir arðsemi hlutabréfa og mögulega fyrir arðsemi eigna.
18. Fyrir ákvörðunina um vaxtaálag getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar notað hermun á vaxtaálagi til að samþætta áhættulausan vaxtaferil eingreiðslubréfa til að ná fram vaxtaferli eingreiðslubréfa með hárrí útlánaáættu. Áhættuvextina á skuldabréfum mismunandi matsflokka er hægt að líkangera með því að nota Cox-Ingersoll-Ross (CIR) ferlanna. Áhættuvextirnir π_i verða til í áhættuhlutlausu aðgerðinni samkvæmt slembi-diffurjöfnunni:

$$d\pi_i(t) = k(\theta - \pi_i(t))dt + \sigma\sqrt{\pi_i(t)}dW_i^{\mathbb{Q}}(t), \pi_i(0) = \pi_{i,0}$$

ásamt skilyrðinu $2k\theta > \sigma^2$ til að halda $\pi(t)$ jákvæðu fyrir öll t . Ef gert er ráð fyrir markaðsvirði áhættu á formi

$$\lambda(t) = \lambda\sqrt{\pi_i(t)},$$

raunhreyfiaflið er gefið með

$$d\pi_i(t) = (k\theta - (k + \lambda\sigma)\pi_i(t))dt + \sigma\sqrt{\pi_i(t)}dW_i^{\mathbb{P}}(t), \pi_i(0) = \pi_{i,0}.$$

19. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta líkangert áhættuvexti fyrir matsflokkanum AAA ($i = 1$), AA, A, BBB og BB ($i = 5$), með mögulegri aðgreiningu á fyrirtækjaskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum og öðrum skuldabréfum. Líkurnar á vanskilum $p_i(t, T)$ eru síðan reiknaðar út sem afurð CIR-verðanna $P_i(t, T)$ á tíma t fyrir gjalddaga T , þ.e.

$$p_i(t, T) = \prod_{j=1}^i P_i(t, T) = \prod_{j=1}^i A_j(t, T) e^{-B_j(t, T) \pi_j(t)},$$

þar sem

$$A_i(t, T) = \left[\frac{2 h_i e^{\frac{(k_i + h_i)(T-t)}{2}}}{2 h_i + (k_i + h_i)(e^{(T-t)h_i} - 1)} \right]^{2k_i \theta_i / \sigma_i^2},$$

$$B_i(t, T) = \frac{2(e^{(T-t)h_i} - 1)}{2h_i + (k_i + h_i)(e^{(T-t)h_i} - 1)_{\text{og}}}$$

$$h_i = \sqrt{k_i^2 + 2\sigma^2}.$$

Áhættuálögin $s_i(t, T)$ eru síðan ákvörðuð í gegnum

$$s_i(t, T) = (\delta + (1 - \delta) \cdot p_i(t, T))^{-\frac{1}{T}} - 1.$$

með δ sem endurheimtuhlutfallið.

20. Fyrir ákvörðunina á arðsemi hlutabréfa getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar notað líkan fyrir þróunina á einni hlutabréfavísitölu með því að nota rúmfræðilegan Brownian hreyfanleika (e. *Brownian motion*). Þetta líkan er með tvo stika: Flöchts- og hlutabréfaáhættuiðgjald. Nafnvaxtalíkanið gefur gildandi áhættulausa vexti og úttak líkansins er árleg ársarðsemi fyrir fjárfestingar í markaðsvísitölunni.

$$dS_t = (r(t) + \lambda) S_t dt + \sigma S_t dW_t$$

21. Til að ákvarða árlegt flökt geta framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar notað staðalfrávik fyrir mánaðarlegu arðseminum af viðeigandi hlutabréfavísitölu fyrir viðkomandi, dæmigert tímabil til að reikna út niðurstöðuna á ársgrundvelli.
22. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta beitt hlutabréfaáhættuiðgjaldinu λ_{eq} sem gefinni aðgerð samkvæmt Damodaran (2020) ⁽²⁾, en reiknað það út beint á viðeigandi hlutabréfavísitölu án frekara landsáhættuiðgjalds. Það er skilgreint sem

$$\lambda_{eq} := E[R_m] - R_f,$$

þar sem $E[R_m]$ er áætlaða markaðsarðsemin og hægt að velja áhættulausa vexti R_f sem 10Y stundargengið á vaxtakúrfu Seðlabanka Evrópu eða Seðlabanka aðildarríkjanna.

23. Fyrir vaxtarhraðann g , getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar notað spána fyrir langtímvæxt hagnaðar af hlutabréfum (e. *EPS forecast*), þar sem γ er samtalan á arðs- og endurkaupahlutfallinu. Ákvarða má sjóðstreymi með því að nota fastan vaxtarhraða fyrir fimm ár, en eftir þau er lokasjóðstreymið áfram óbreytanlegt með áhættulausu vextina sem vaxtarhraðann.

$$PV_{Index} = \frac{\gamma P_0}{(1 + E[R_m])} + \frac{\gamma(1 + g)P_0}{(1 + E[R_m])^2} + \frac{\gamma(1 + g)^2 P_0}{(1 + E[R_m])^3} + \frac{\gamma(1 + g)^3 P_0}{(1 + E[R_m])^4} + \frac{\gamma(1 + g)^4 P_0}{(1 + E[R_m])^5} + \frac{\gamma(1 + g)^4 (1 + R_f) P_0}{\frac{E[R_m] - R_f}{(1 + E[R_m])^5}},$$

þar sem PV_{Index} er núvirði vísitölunnar í þessu afvaxtaða arðslíkani og P_0 er verð vísitölunnar á tímapunkti $t = 0$.

Með kröfu um

$$P_0 = PV_{Index},$$

er hægt að ákvarða áætluðu markaðsarðseminum og hægt að reikna út hlutabréfaáhættuiðgjaldið.

⁽²⁾ Damodaran, Aswath, Equity Risk Premiums: Determinants, Estimation and Implications – Útgáfa frá 2020 (5. mars 2020). NYU Stern School of Business.

Árlegt verðbólzugustig

24. Til að reikna út árlega verðbólzugustigið skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar nota eins þátta Vasicek ferli. Hreyfiafl líkansins að endurhvarfi til meðaltals stýrist af þremur stikum. Slembi-diffurjafna líkansins er

$$di(t) = k(\theta - i(t))dt + \sigma dW(t), i(0) = i_0,$$

þar sem $i(t)$ er verðbólzugustigið á tímapunkti t , k vísar til hraðans á endurhvarfi til meðaltals, θ til stigs endurhvarfsins til meðaltals og σ til flöksins.

25. Líkanagerðin skal hafa að viðmiðunarmarki verðbólzugustig Seðlabanka Evrópu fyrir evrusvæðið eða, eftir atvikum, samsvarandi seðlabanka landa utan evrusvæðisins til meðallangs tíma, ásamt með sannreyndu staðalfrávikum verðbólzugustigsins. Hraðann á endurhvarfi til meðaltals, ásamt með núverandi verðbólzugustigi, skal nota til að aðlaga líkanið að núverandi umhverfi og skammtímaspám um verðbólzugustig.
26. Við kvörðun á verðbólzugustiginu skal fyrir evrusvæði nota verðbólglumarkmið Seðlabanka Evrópu eða, fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins, verðbólglumarkmið hlutaðeigandi seðlabanka fyrir θ -stikann. Mánaðarlega tímaröðin á verðbólgu-stiginu frá ári til árs á samræmdri vísitölu neysluverðs aðildarríkisins skal notuð til að leiða fram staðalfrávikum á verðbólgu-stiginu til lengri tíma, sem gera skal ráð fyrir að séu 100 ár. Frá sömu tímaröð skal nota upphaflega gildið á verðbólgu-stiginu á viðmiðunardagsetningunni. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal nota verðbólgu-spárnar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs (HICP) aðildarríkisins, sem gefnar eru út sem þjóðhagslegar hálfárs-spár af starfsfólki evrukerfisins fyrir lönd evrusvæðisins, eða hagspá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir löndin utan evrusvæðisins, nema tilsvarende seðlabanki setji fram eigin spár. Þessar verðbólgu-spár skulu notaðar til að aðlaga hraðann á endurhvarfinu til meðaltals.

Framtíðarlaunaþróun

27. Til að taka tillit til framtíðarlaunaþróunar, eftir atvikum, skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar athuga raunlaunavöxt í mismunandi aðildarríkjum, taka gögn Hagstofu Evrópusambandsins til athugunar og taka tillit til þess að raunlaun hækka verulega á fyrri hluta starfsferils rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar en umtalsvert minni vöxtur eða tap verður á síðari hlutanum. Framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur gefið gaum mynstri í raunlaunaferli rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, sumpart til að ná jafnvægi nær lokum söfnunartímabilsins og sumpart til að ná jafnvægi fyrr, sem þýðir 20 árum fyrir starfslok og lækki eftir það.
28. Til að endurspegla vítt svið möglegra mynstra getur framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar notað raunlaunavísitölu og fylgt ferningsjöfnu með aldri: $\text{laun} = a(\text{max} - \text{aldur})^2 + b$, stuðullinn „a“ er tekinn frá samræmdri dreifingu á milli -0,15 og 0,011, „max“ er tekið frá samræmdri dreifingu á milli 47 og 64 og samsvarar aldrinum þegar raunlaun eru hvað hæst að virði, og stuðullinn „b“ er ákvarðaður þannig að launavísitalan hefst á 100 við aldur 25.

III. hluti Aðferðafræði fyrir útreikninginn á kostnaði, þ.m.t. tilgreining á samanteknum vísam

29. Í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðar afurðarinnar setja fram árlegan heildarkostnað, sem samanstandur af öllum kostnaði sem stofnað var til og er skuldfæranlegur innan 12 mánaða í peningum og sem hlutfall af áætluðu uppsöfnuðu fjármagni eftir 12 mánuði. Ef nauðsyn krefur má reikna út þessar fjárhæðir sem meðaltal árlegs heildarkostnaðar yfir líftíma samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Útreikningurinn á samanlögðum áhrifum af kostnaðinum skal byggjast á 40 ára söfnunartímabili, byggðu á 100 evru mánaðarlegu iðgjaldi og á áætlaða uppsafnaða fjármagninu við sviðsmynd besta mats.

30. Í lífeyrisyfirliti samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar setja fram áætluðu áhrifin af kostnaðinum á endanleg réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð með því að nota aðferðina „Skerðing auðs“. Reikna skal út „Skerðingu auðs“ sem mismuninn á milli áætlaða uppsafnaða sparnaðarins við lok söfnunartímabilsins og áætlaða uppsafnaða sparnaðarins við lok söfnunartímabilsins samkvæmt kostnaðarlausri sviðsmynd. Mismuninn skal birta í peningum og sem hlutfall af áætlaða uppsafnaða sparnaðinum. Útreikningurinn skal byggjast á einstaklingsmiðaðri fjárhæð iðgjalda hvers rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og byggjast á 10 punkta sviðsmynd besta mats.
-